

KONUR & KAUPMANNAHÖFN

KØBEN Á

24

TÍMUM

HÁTÍSKUVARA
Á HÁLFVIRÐI

SUMARTÍSKAN

KJÖT &
KÚLTÚR

Iceland Express

með ánægju





Sex and the City: Á fyrsta farrými í Kaupmannahöfn

Hvernig er best að verja degi í Kaupmannahöfn, hvar áttu helst að versla og hvar finnur maður bestu kokteilana? Til að fá svar við þessum spurningum ákváðum við að hitta tvær konur á þrítugsaldri, þær Malene Schröder og Rikke Vogelsang á Coffee Berry. Þrátt fyrir að klukkan sé bara 9 á laugardagsmorgni, eru þær vinkonur vel til hafðar og virka hinar hressustu. Við höfum fundið tvær „Sex and the city“ konur sem elska að versla og drekka kokteila. Þær ætla að segja okkur hvernig maður eyðir laugardegi í algjörum lúxus. Við ætlum í leiðangur á fyrsta farrými með þeim stöllum um Kaupmannahöfn.

Texti: Frederikke Møller Kristiansen

Þrátt fyrir að hafa bara einn dag í Kaupmannahöfn er hægt að láta drauminn rætast um að lifa eins og stjörnurnar í Sex and the city, njóta góðs matar og versla í fínun tískuhúsum. Carrie og Samantha hafa svörin.



Rikke Vogelsang. Myndir: Frederikke Møller Kristiansen

Malene Schröder. Myndir: Frederikke Møller Kristiansen

Hér er gott að versla:

FN92 Vintage
„Vintage“ búð í latín-hverfinu með flottum kjólum, tösukum, höttum og skóm. Eigandinn, Paul Twin er mikill safnari og hann selur aðeins vörur í hæsta gæðaflokki. Hér finnuru flotta kjóla frá sjötta áratugnum, klassíska brúðarkjóla frá fyrri tíð og hatta frá þriðja áratugnum. Verðið er sanngjarnt fyrir vörurnar sem eru í boði. FN92 er á Larsbjörnstræde 6, kjallari til hægri.
www.fn92vintage.com



Wettergren & Wettergren
Notaleg verslun í kjallara á Læderstæde 5. Skartgripir Julie Wettergren og fatnaður frá hönnuðum á borð við Graumann, Julie Fager Holt og Aymara. Úrvalið er fjölbreytt, þrjónaðar vörur, sjöl, leðurtöskur og ilm-vötn frá Santa Maria Novella, svo fátt eitt sé nefnt.



Holly Golightly
Dyr og elegant – það er akkúrat Holly Golightly. Eiginlega tvær búðir: Ein sem selur fylgihluti og svo hin sem selur fatnað. Búðin selur aðallega merki á borð við Balenciaga, Yves Saint Laurent, Marnie, skó frá Christian Louboutin o.fl. Andrúmsloftið er mjög afslappað og þjónustan er óaðfínanleg. Store Regnegade 2 (fylgihlutir)
www.hollygolightly.dk

Marc by Marc Jacobs
Árið 2007 opnaði 300 fm verslun, bæði með konu- og karlaföt, skór og tösukur frá Marc Jacobs. Marc by Marc Jacobs er bara á tveimur stöðum í heiminum, Kaupmannahöfn og Mosku. Christian IX's Gata 3-5
www.marcjacobs.com

Hér er gott að búa

Square er algjört hönnunardjás, mínimalískt en um leið hlýlegt. Móttakan og stílhreinn bar eru samliggjandi og sérhönnuð ferkentuð húsgögn prýða móttökuna sem og fræga eggði eftir Arne Jacobsen. Hótelíð er við Ráðhústorgið og því í grennd við áhugaverða staði í Kaupmannahöfn.
Rádhúspladsen 14, Kaupmannahöfn.
www.thesquarecopenhagen.com



The Square. Myndir: Arp Hansen




Myndir: Royal Café



Hér er gott að borða hádegisverð

Royal Café
Taktu þér smá hlé frá verslunarleiðangrinum og fáðu sér sæti í bakgarðinum á Royal Copenhagen rétt hjá Strikinu. Þegar þú gengur í gegnum portið á þessu gamla húsi frá 16. öld sérðu kaffihús sem kallast Funky Barock. Maturinn er líkt og innréttingin, kaffi út af fyrir sig. Prófaðu smushi sem er smörrebörð og sushi sem eitt – og auðvitað er það borið fram á Royal postulíni.
Amagertorv 6, Kaupmannahöfn.
www.theroyalcafe.com

Ofelia í Skuespilhuset
Njóttu hádegisverðar við vatnið í einni af fallegustu byggingum Kaupmannahafnar, Leikhúsinu, sem opnaði í fyrra. Maturinn er að hluta til fransk/skandinavískur. Þú getur fengið þér að borða í Ofelia alla virka daga frá kl: 11–13. Sankt Annæ Plads 36, Kaupmannahöfn.
www.skuespilhuset.dk



Hér er gott að fá sér kokteil

Ruby Einn besti kokteilbarinn í Kaupmannahöfn með útsýni yfir Gammel Strand. Bæði drykkirnir og þjónustan eru í heimsklassa. Nybrogade 10
www.rby.dk

K Bar Ekki svo langt frá Ruby og með útsýni yfir Christiansborg. Þetta er lítill og kósý kokteilbar sem Kristen Holm, margverðlaunaður barþjónn, rekur. Slakaðu á í flottum lounge-stólum með góðan kokteil í hönd með fastagæstum á K Bar. Getur ekki klikkað. Ved Stranden 20
www.k-bar.dk


1105 Nýr staður í kokteilgeranum og er í miðborginni. Bak við barboðið er Gromit, sem býður upp á Bar Rouge og Hotel Fox, nýir kokteilar í bland við nýja. Kristen Bernikows Gade 4
www.1105.dk

Hér getur þú dekrað við sjálfa þig

Madklubben
Veitingastaðurinn, Madklubben er „Bistro-de-Luxe“ sem færir fólki æðri matargerðarlist. Hugmyndin er einföld: „Gæði fyrir allan peninginn“ og markmiðið að gestirnir njóti bragðsins og umhverfisins til hin ýtrasta. Veitingastaðurinn sameinar eldri hönnun og nýja og því verður stemningin bæði heimilisleg sem og heimsborgaraleg.
Store Kongensgade 66, Kaupmannahöfn
www.madklubben.dk


Á netinu
Verslanir:
www.visitcopenhagen.is/verslanir
Næturlíf:
www.visitcopenhagen.is/naeturlif
Matamening:
www.visitcopenhagen.is/veitingahus
Ef þú vilt vita meira um Danmörk kaktu þá við á www.visitdenmark.is

- 1: Hotel Square
- 2: FN 92 Vintage
- 3: Complete Me
- 4: Ruby
- 5: Wettergren & Wettergren
- 6: Royal Café
- 7: K bar
- 8: Amazing Space
- 9: Holly Golightly
- 10: Holly Golightly
- 11: Marc By Marc Jacobs
- 12: 1105
- 13: Madklubben
- 14: Ofelia, Skuespilhuset





Tivoli



Zoo



Ny Carlsberg Glyptotek

Kauptu hátískuvörur undir hálfvirði

Chanel, Gucci og Prada. Hljómar dýrt, ekki satt? Það þarf ekki endilega að vera. Í Kaupmannahöfn er aragrúi af second hand búðum. Þar finnurðu fína skó, töskur, föt og aukahluti frá nokkrum af þekktustu og dýrustu tískuhúsum heims á hálfvirði.

Texti og myndir: Uffe Hartmann

Síðustu ár hefur önnur gerð af second hand verslunum skotið rötum í Kaupmannahöfn sem selja dýra merkjavöru í góðu ástandi fyrir lágt verð.

Frk. Lilla er nýjasta og ein flottasta second hand búðin í miðborg Kaupmannahafnar. Þar er hægt að fá föt, skó, hanska og fylgihluti frá þekktum tískuhúsum fyrir konur.

Þrátt fyrir að vörurnar séu notaðar eru þær í frábæru ástandi.

„Ef varan kostar t.d. DKK 2.000 ný, seljum við hana fyrir u.þ.b. DKK 600“ segir Viktor Hansen sem er eigandi Frk. Lilla.

„Þegar þú kemur hingað inn, liður þér eins og þú komir inn í búð með glænýjum vörum.“ „Chanel er merkjavara sem selst mjög vel í búðinni,“ segir Viktor og útskýrir að vörur frá dýrum tískuhúsum eins og Chanel, Gucci og Prada kosti um helmingi minna í Frk. Lilla en nýjar.

„Það sama gildir um töskur. Ný Mulberry taska kostar DKK 4.000 en hjá okkur færðu hana eins og nýja á DKK 2.000. Aðrar sérstakar vörur frá Phillip Lim og Vanessa Bruno kosta um 30% minna hjá okkur.“

„Ef varan kostar t.d. DKK 2.000 ný, seljum við hana fyrir u.þ.b. DKK 600. Ný Phillip Lim-efirlíking kostar á milli DKK 3.000-4.000, en hjá okkur kostar hún á bilinu DKK 700-1.000. Og verðbilið er ennþá meira á fylgihlutum. Þú getur keypt ný sölgleraugu frá Bvlgari á DKK 3.500 en hjá okkur kosta þau DKK 700,“ bætir Viktor við.

Nýjar vörur í hverri viku

Frk. Lilla er með um 350 flukur í búðinni og það koma nýjar vörur í hverri viku. Fötin sem þar fást eru einungis tvo mánuði í senn í versluninni og svo er þeim skipt út fyrir nýjan lager. Í búðinni er því alltaf eitthvað nýtt að sjá.

„Aðrar verslanir fá vanalega vörur fjórum sinnum á ári, á meðan við fáum vörur daglega,“ segir Viktor.

Búðin hefur þá reglu að vörurnar mega ekki vera eldri en 2 ára gamlar, 90% af fatnaði í búðinni eru ekki meira en 1 árs gömul.



Eigandi búðarinnar Viktor Hansen.



„Ef varan kostar t.d. DKK 2.000 ný, seljum við hana fyrir u.þ.b. DKK 600“

Frk. Lilla er á Frederiksborggade 41, út frá Nansensgade, sem er þekkt fyrir sjarmerandi kaffihús og búðir. Hverfið er í hjarta Kaupmannahafnar og einungis 300 m frá Nørreport stöðinni, þar sem Öresunds-lestin stöðvar einnig. Búðin er opin þriðjudaga til föstudaga, kl. 11-18 og laugardaga kl. 11-15. Nánar á www.frkilla.dk

Nánar á netinu:
Second hand og Vintage verslanir á: www.visitcopenhagen.is/endurnyttur

Fatamarkaðir á: www.visitcopenhagen.is/floamarkadir
Almennt um verslun í Kaupmannahöfn: www.visitcopenhagen.is/verslanir

Ef þú vilt vita meira um Danmörk kíktu þá við á www.visitdenmark.is

Njóttu Kaupmannahafnar á 24 tímum!

Birthe og Palle Hansen eru nýkomin á eftirlaun. Það lægi beinast við að þau færu að taka lífinu með ró. En svo er ekki. Í staðinn ákváðu þau að nýta tíma sinn vel, skreppa til Køben og heimsækja yfir 60 staði í borginni á 24 tímum – og til að gera þá upplifun sem ódýrasta og ánægjulegasta fengu þau sér CPH-kortið.

Texti og myndir: Isabel Hokken

Þau búa í Søborg sem er skammt frá Kaupmannahöfn en þrátt fyrir það hafa þau aldrei drifið sig til höfuðborgarinnar og skoðað allt sem sú ágæta borg hefur upp á að bjóða. En nú ætla þau að láta slag standa. Birthe sem er 65 ára og Palle sem er sjötugur, aka til Kaupmannahafnar með skýrt markmið: Að sjá eins mikið að borginni og þau geta á einum sólarhring. Þá kemur sér vel að hafa CPH-kortið.

„Það eru margir möguleikar með CPH-kortinu“ segir Birthe.

Hjónin ætla að kíkja á söguleg söfn. Palle kveið hálfpartinn fyrir stífri dagskrá en hefur nú tekið ákvörðun um að njóta lífsins, þetta er einstakur dagur.

Frítt í strætó, lest og Metro

Fyrsti viðkomustaður er Kaupmannahafnar-safnið. Safnið ber þess vitni að borgin á sér einstaka sögu. Eftir hring um safnið fara hjónarkornin í fyrstu strætóferð dagsins. Strætóbilstjórinn vinkar þeim vingjarnlega þegar þau sýna CPH-kortið. Kortið veitir þeim frían aðgang í strætisvagna, lestir og metro í allri Kaupmannahöfn og alla leið til Helsingör í norðri og Roskilde í vestri. Næsti viðkomustaður er Tøjhusmuseet.

„Þetta var það sem maðurinn minn hlakkaði allra mest til að sjá, öll þessi vopn, ég er ánægð með að hafa séð safnið með honum, virkilega spennandi,“ segir Birthe eftir velheppnaða heimsókn á Tøjhusmuseet.

20% afsláttur á veitingastöðum

Áður en lengra er haldið hafa hjónin ákveðið að taka sér smá matarhlé og borða hádegisverð á Krystlagade í miðborg Kaupmannahafnar. Margir veitingastaðir gefa allt að 20% afslátt fyrir þá sem hafa CPH-kortið.

Eftir góðan hádegisverð eru Birthe og Palle klár á að heimsækja Rosenborgar-höllina. Þau hafa verið þar áður, en eins og þau segja sjálf: „Í hvert skipti sem maður heimsækir höllina upplifir maður eitthvað nýtt.“

Eftir Rosenborgar-höllina ákveða hjónin að næst ætli þau að heimsækja Arbejdermuseet áður en heim er haldið. Ævintýrin halda áfram.



Dæmi um staði sem þú færð frían aðgang að: Tivoli, Louisiana, Zoo, Ny Carlsberg Glyptoteket, Arken, Danska gyðingasafnið, Karen Blixen safnið og margi fleiri.

„Ég ólst upp á þessum tímum og þekki vel til sögunnar sem safnið hefur upp á að bjóða. Frábært safn,“ segir Palle sem er hæstánægður með að Birthe hafi fengið hann til að kíkja á safnið.

Margir möguleikar í lestinni á leið heim til Søborg rifja upp daginn.

„Við sáum heilmargt. Ef maður hefur lítinn tíma en vill gjarnan upplifa eitthvað spennandi er CPH-kortið frábær hugmynd. Við urðum algjörlega heilluð af því hversu margt var í boði. Við höfum bæði brennandi áhuga á sögu. Aðrir hafa kannski áhuga á list og öðru,“ segir Birthe.

Birthe og Palle hafa áður prófað svipuð kort í öðrum borgum. En þau eru alsæl með CPH-kortið.

Um CPHkort
Verð 1. apríl 2009- 1. apríl 2010

Fullorðnir (frá 16 ára) 24 tímar DKK 225
Börn (10-15 ára) DKK 115
72 tímar DKK 450 DKK 225

Kortið gildir sem aðgangur að 60 stöðum, afsláttur á hinum ýmsu veitingahúsum og börum ásamt fríum aðgang í strætó, lestir og metro á Stór Kaupmannahafnar-svæðinu.

Dæmi um staði sem þú færð frían aðgang að:
Tivoli, Louisiana, Zoo, Ny Carlsberg Glyptoteket, Arken, Danska gyðinga safnið, Karen Blixen safnið og margi fleiri.



Óþafi að skipuleggja sig

„Það er frábær tilbreyting að þurfa ekki að skipuleggja hvert skref. Ef maður hefur ekkert sérstakt í huga, þá velur maður oft bara það sem ódýrasta er hægt að gera. Með CPH-kortinu getur maður prófað ansi margt fyrir minni pening.“
Birthe

„Þessi dagur er búinn að vera virkilega skemmtilegur. Við höfum upplifað svo marga spennandi hluti og okkur langar strax að gera þetta aftur. En ætli við förum ekki fyrst heim og slökum aðeins á.“
Palle



Tvö börn undir 10 ára aldri fá frítt kort þegar fullorðinn kaupir kort. Lestu meira um CPH kort, hvar það fæst og hversu mikið þú sparar á www.cphcard.com



Uffe Hartmann í flottum fatnaði frá Storm. Skyrtá frá Our Legacy á DKK 899 Buxur frá Polo, Ralph Lauren frá DKK 1.299 Peysa frá Ralph Lauren á DKK 3.299 Jakki frá Dries Van Noten (selst einungis sem heild) DKK 7.999



Frederikke Møller Kristiansen klædd í belgíska hönnun frá Storm. Jakki frá Halder Ackermann á DKK 6.499 Toppur frá Ann Demeulemeester á DKK 1.299 Buxur frá Haider Ackermann á DKK 6.999 Skór frá Dries Van Noten á DKK 2.899 Hálsmen frá Florian á DKK 1.199

„Það mikilvægasta í sumar er einstaklingsbundið og náttúrulegt lúkk.“

Leynardómsfullur elegans í Bruuns Bazaar Eftir myndatökuna í Storm, erum við klár í aðra töku og fleiri tískuráð í Bruun Bazaar á Kronprinsessgade, einnig í hjarta borgarinnar, en Bruun Bazaar er framúrskarandi tiskuvörumerki í Skandinavíu. Bræðurnir Teisé og Björn Bruun hófu samstarf árið 1994 undir nafninu Bruun Bazaar. Fatnaður þeirra er seldur í yfir 1.000 verslunum í 30 löndum. Við spyrjum Björn Bruun um tiskuna fyrir vor og sumar.

Ég hef verið í bransanum í það mörg ár að ég trúi því núna að þetta snúist meira og meira um það hvernig þér líður með það sem þú ert að gera og hvað þér finnst réttast. Þess vegna endurspeglar Bruun Bazaar meira tíðarandann en trendið.

Hvað er algjört möst í sumar? „Samfestingur, stuttbuxur og buxur bundnar um mitti, helst allt í skærum litum.“

Hvernig myndirðu lýsa þinni hönnun? „Leynardómsfull, elegant og hágæða.“

Bruuns Bazaar Kronprinsessgade 8-9 Tel: +45 3332 1999 www.bruunsbazaar.dk

Hvað er mest áberandi í tisku fyrir vor og sumar 2009?

„Það mikilvægasta með vor og sumar er einstaklingsbundið og náttúrulegt lúkk. Við ættum ekki að taka hvert annað af alvarlega. Í því felst stöðugleikinn milli glæsileika og frjálsheita.“

Hvernig speglar Bruuns Bazaar komandi tiskuna sem koma skal?

„Við fylgjumst auðvitað vel með trendinu og þegar við hönnum nýja línu reynum við að fá innblástur frá götutískunni í Kaupmannahöfn, netinu og kvikmyndum.“



Frederikke Møller Kristiansen í Bruuns Bazaar. Jakki DKK 1.799 Kjóll DKK 1.199 Skór DKK 1.699 Taska DKK 99



Sumartískan í Kaupmannahöfn

Texti Frederikke Møller Kristiansen. Myndir Ingrid Bugge

Sumarið er komið í Kaupmannahöfn og nú þarf að endurnýja fataskápinn. Kíktu með okkur í bæinn til að skoða tiskuna sem í boði er.

Hvað er inn í ár? Eru það grafískt myndstur, blóm eða er svart ennþá vinsælast? Við ákváðum að spyrja tvö tiskugúru sem lífa og hrærast í tiskuheiminum. Við báðum þau að prófa nokkrar flíkur fyrir okkur.

Persónulegt útlit hjá Storm Þegar þú kemur inn í Storm á Store Regnegade í miðborg Kaupmannahafnar, nær strax í gegn að arkitektúrinn og andrúmsloftið eru engu lík. Þú finnur hversu töff verslunin er með því að skoða fatnaðinn sem í boði er, sem og útlitið á versluninni, enda ein flottasta hönnunarbúðin í Skandinavíu. Hér finnur þú fatnað frá alþjóðlegum hönnuðum, listaverk á veggjunum, lista- og hönnunarbækur og fína fylgihluti í alls kyns litum. Á meðan kollegi minn stillir sé upp fyrir ljósmynd Storms í vortískunni sem var sérvalin, spyr ég verslunarstjóran Rasmus Storm nokkurra spurninga.

„Fyrir konur er það þannig, að allt gengur, fer allt eftir því hvernig þér líður.“

Hvernig verslur þú inn fyrir búðina? „Þær vörur sem við höfum til sölu í búðinni eru valdar persónulega og þær passar við okkar stíl. Ég ákveð ekki hvað gengur fyrir þennan og hinn. Þetta er frekar einfalt, ég kaup þau sem ég held muni ganga hverju sinni og það sem ég fíla um leið.“

Hvað valdirðu fyrir vor og sumar í ár? „Fyrir karlmennina hef ég valið að fara út í klassískt, beisið gæði með dásí af sögulegu gildi. Retro amerískt look og þá kemur

Ralph Lauren sterkur inn. Fyrir konur er það þannig, að allt gengur, fer bara eftir því hvernig þér líður. Við reynum að halda fast í okkar tisku, og velja hvert og eitt tímabil með t.d. belgísku hönnuðunum Ann Demeulemeester og Dries Van Noten.“

Hvaða þrjú orð myndu lýsa Storm best? „Ég myndi frekar vilja lýsa Storm sem úrvali af fatnaði út frá persónulegu sjónarmiði. Það mikilvægasta með vor og sumar er einstaklingsbundið og náttúrulegt lúkk.“

Storm Store Regnegade 1 Tel: +45 3393 0014 www.stormfashion.dk



Uffe Hartmann í Bruuns Bazar. Jakkaföt DKK 2.799 Þrjónuð peysa DKK 799 Bolur DKK 299 Skór DKK 1.599 Belti DKK 299

Verslaðu þig í gegnum Kaupmannahöfn Miðbærinn í Kaupmannahöfn er sneisafullur af verslunum, dýr tiskuhús með þekkt hágæðamerki, ódýrari verslanir – og allt þar á milli.

Kronprinsessgade Hér finnur þú raðir af flottum hönnunarverslunum og notalegum kaffihúsum. Sabine Poupinel býður upp á sínar eigin vörur ásamt völdum vörum frá öðrum dönskum hönnuðum. Í Sig P og Flying A finnur þú aragrúa af innlendi hönnun ásamt erlendra á borð við Notabene og Bruun & Joel og þú getur keypt þér skó frá hönnuðum eins og Marc Jacobs, Givenchy og Paco Gil.

Silkegade Silkegade er gata út frá Kronprinsessgade og þar eru fönki verslanir á borð við Nag-People sem selur fatnað bæði fyrir stelpu og stráka. NagPeople hefur slegið í gegn með trendi og öðruvísi tisku. Aðeins neðar á götunni finnurðu verslunina Glam, flotta vintage-búð með kjólum, tösukum og skóm, bæði þekkt og ný merki. Þú finnur einnig Tekinoktay, flotta undirfatubúð með handbróðerunum vörum og nátt-slöppum úr silki, allt beint frá Berlín, París og náttúrulega Kaupmannahöfn. Aðrar góðar verslunargötur í Kaupmannahöfn eru Grønnegade, Kristen Bernikowsgade, Pilestræde, Ny Østergade, Krystalgade, Larsbjørnsstræde, Studiestræde og Strøget og Købmagergade.

Á netinu Second hand og vingage búðir: www.visitcopenhagen.is/endurnyttur Fatamarkaðir: www.visitcopenhagen.is/floamarkadir Verslanir: www.visitcopenhagen.is/verslanir Ef þú vilt vita meira um Danmörk kíktu þá við á www.visitdenmark.is



Butcher's Lab.



Texti og myndir: Connie Maria Westergaard



BioMio.

„Slátrarinn mætir kl. 05:00 og gestir Karrier barsins fara heim um 04:00.“



Í Art Rebels eru seldar sér valdar útgáfur af fatnaði.



DASK er fyrsta danska ljósmyndavinnslu gallerið Myndir: DASK

- Kjötbærinn á netinu
- DASK, Flæsketorvet 24, www.daskgallery.com
 - Tante T, Flæsketorvet 22, www.tante-t.dk
 - Art Rebels, Flæsketorvet 17-19, www.artrebels.com
 - V1 Gallery, Flæsketorvet 69, www.v1gallery.com
 - Galleri Bo Bjerggaard, Flæsketorvet 85 A, www.bjerggaard.com
 - Kontraframe, Flæsketorvet 77-79, www.kontraframe.dk
 - Butcher's Lab, Høkerboderne 10, 1 tr., www.butcherslab.dk
 - Karriere, Flæsketorvet 57-67, www.karrierebar.com
 - BioMio, Halmtorvet 19, www.biomio.dk
 - Jolene, Flæsketorvet 81-85.
 - Kødboderne 18, www.kodboderne18.dk
 - Kreative Kager, Flæsketorvet 40-44, www.kreativekager.dk
 - Hans Alf Galleri, Flæsketorvet 26-28, www.hansalf.com

Pú getur farið í skoðunarferð um Kjötbæinn og Vesterbro
Copenhagen X, www.cphx.dk
Sögulegar skoðunarferðir um bæinn, www.historiskebyture.dk
History Tours, www.historytours.dk

Þegar kjöt og kúltúr verða nágrannar

Á hreint ótrúlegan hátt bak við gamla byggingar og aðal-lestarstöð Kaupmannahafnar, langt í burtu frá vinsælu verslunargötunni á Vesterbro, finnuruð best geymda leyndarmál Kaupmannahafnar, Kjötbæinn. Matvöru-framleiðendur hafa á aðeins nokkrum árum fengið arkitekta, plötusnúða, listamenn, bakara, veitingafólk, hönnuði, tónlistarmenn og einnig líkamsræktarunendur sem nágranna.

Hrá samsetning
Hugsunin er að halda sögulega gildinu við þetta gamla matvöruorg en í leiðinni búa til pláss fyrir nýja aðila. Eitt af því síðasta sem opnaði í Kjötbænum er myndlistagallerið DASK. Þau hjá DASK eins og aðrir skapandi aðilar féllu gjórsamlega fyrir þessari hráu samsetningu og breytingu á hverfinu.

„Við höfðum leitað eftir stað í allri Kaupmannahöfn, en við völdum Kjötbæinn, þar sem okkur finnst spennandi þróun vera að eiga sér stað. Það getur oft verið erfitt að opna á stað þar sem hlutirnir eru óbreyttir en við gefum hverfinu smá meiri hráleika. Byggingarnar í kring eru fríðar svo útlitð og arkitektúrinn hefur ekki breyst.“

Upprunalegar ljósmyndir á hverjum vegg
DASK flutti inn og opnaði verslunina á Flæsketorvet 24 í nóvember síðastliðnum. DASK er fyrsta danska ljósmyndagallerið sem vinnur myndirnar á staðnum og selur upprunalegar ljósmyndir, sem eru birtar á veggjum gallerísins. Hver mynd kemur út í fáum eintökum. Í versluninni er hægt að kaupa allt frá póstkortum fyrir DKK 5 til ljósmyndalistaverka, verð frá DKK 500–50.000 og sum enn dýrari.

DASK sýnir bæði verk þekktra ljósmyndara sem og upprennandi ungun ljósmyndurum. Hver sýning varir í um það bil 2 mánuði. Það er á teikniborðinu að opna á milli yfir í Tante T og halda sérstaka atburði saman. Þá verður hægt að smakka besta te í bænum og skoða ljósmyndir í leiðinni.

Leyndarmálabær í borginni
Náin samvinna er á milli allra sem starfa í Kjötbænum. „Kjötbærinn er lítill bær inn í borginni með afar sérstakan anda. Það er góð samvinna á milli viðskiptamanna í bænum og þegar kemur að uppkomum hjálpast allir að. Það er alltaf nóg í gangi. Nýjar verslanir opna í hverjum mánuði og bærin iðar af lífi alla daga vikunnar, langt fram á nótt. Slátrarinn

mætir kl. 05:00 og gestir Karrier barsins fara heim um 04:00. „Við viljum þó að Kjötbærinn verði ennþá opnari fyrir gesti. Fólk dettur ekki inn í Kjötbæinn fyrir tilviljun.“ „Flestir hafa lesið um staðinn eða heyrð af honum frá öðrum,“ segir Camilla Kikkenberg frá DASK.

„Kjötbærinn er lítill bær inn í borginni með afar sérstakan anda.“

Galleri í röðum
DASK er ekki eina gallerið í Kjötbænum. Ef gengið er aðeins ofar á Flæsketorvet er V1 Gallery nr. 69, Kontraframe nr. 77-79 og Galleri Bo Bjerggaard í númer 85a.

Frá reyk til listakommúna
Hönnunarverslunin Art Rebels hefur lengi verið netverslun, en eigendurnir ákváðu að opna sýningarsal í gömlum reykklefa í Kjötbænum. Stór hurð úr hörðu gúmmi gefur skemmtilega tengingu við sögu staðarinn.

að allir ættu að geta haft skoðanir og að allir eigi að geta keypt list. Verðbilið á verkunum getur því verið mikill, frá nokkrum hundrad krónum upp í DKK 100 000.

Kjötviðt og rannsóknarstofuútbúnaður
Kontraframe er að finna í gamalli kjötverk-smiðju þar sem áhöldin sem notuð voru við kjötvinnsluna eru enn uppi. Gallerið flutti í Kjötbæinn árið 2007, fókussinn er settur á ljósmyndir af iðnaðarhverfum og fyrirtækjum. Verðið er í aðeins hærri kantinum eða frá DKK 3.400.

Örlítið neðar er Galleri Bo Bjerggaard sem er í einu stærsta húsnæðinu í Kjötbænum, um 735 fermetrar. Eigendur gallerísins fluttu það frá Pilestræde sem liggur í miðborg Kaupmannahafnar, til Kjötbæjarinn árið 2007. Gallerið hefur besta útsýnið yfir Flæsketorvet. Nú eru margar sýningar á ári haldnar í galleriinu. Safnið er á efrri hæð hússins.



V1 Gallery.




ná til sem flestra steriótýpa, þeirra sem myndu aldrei stíga fæti inn í líkamsræktarstöð og þeirra sem myndu ekki venjulega fara á söfn. Butcher's Lab er á alla vegu öðurvís líkamsræktarstöð. Þú upplifir listina á meðan þú æfir. Veggirnir eru æpandi grænir. Listin sem er inni í líkamsræktinni breytist reglulega, stundum eru sérstakar uppkomur þar sem hægt er að hlusta á plötusnúð spila og jafnvel lifandi tónlist. Það kostar DKK 300 - 350 á mánuði að æfa en ein heimsókn í Butcher's Lab kostar DKK 75.

Kokteilar og lífrænt ræktaður matur.
Lífrænt ræktaður matur skiptir miklu máli í Kjötbænum. Karrier flutti í Flæsketorvet 57–67 í nóvember 2007. Listamaðurinn Jeppe Hein og systir hans Lærke reka staðinn sem er sambland af kokteilbar og veitingastað. Barinn er innréttaður með baðspeglum. Lamparnir á Karrier eru hannaðir af Ólafi Elíassyni, svo eitthvað sé nefnt. Uppistaða matseðilsins er lífrænt ræktaður og hollur matur.

Í Bosch-byggingunni, á Halmtorvet 19 er Bio Mio. Hér geturðu borðað lífrænan og hollan mat á viðráðanlegu verði og ekki í jafn hráu umhverfi og víða í Kjötbænum. Þar sækir maður sjálfur mat og drykk, svölitið eins og í mötuneyti og borgar einfaldlega á leiðinni út. Þannig er kostnaðinum á Bio Mio haldið niðri. Veitingastaðurinn opnaði snemma árs 2009 og geta 250 gestir borðað þar í einu.

Næturlíf Kjötbæjarinn er vel þekkt hjá Kaupmannahafnarbúum. Síðan Karriere, sem er einn af vinsælustu skemmtistöðum borgar-

- 1: Karriere
- 2: Jolene
- 3: Kreative Kager
- 4: Art Rebels
- 5: Galleri Bo Bjerggaard
- 6: V1 Gallery
- 7: DASK
- 8: Tante T
- 9: Butcher's Lab
- 10: Kødboderne 18
- 11: BioMio
- 12: Hans Alf Galleri
- 13: Kontraframe



innar opnaði, hefur svæðið orðið vinsæll viðkomustaður þegar kirt er á næturlíf. Þar eru einnig spennandi staðir á borð við Jolene á Flæsketorvet 81-85 og klubburrinn Kødboderne 18.

Hamflettur endur
Aftur í DASK-gallerið. Gefum Camillu aftur orðið: „Einu sinni kom maður inn í gallerið og spurði hvar hann gæti fengið hamfletta önd. Það sýnir hversu miklar andstæður mæstast hér. Við seljum ljósmyndir en neðar í götunni er verið að verka kjöt og skræla kartöflur. En það er líka það sem er svo spennandi. Munurinn á Kjötbænum og t.d.

ámóta svæðum í New York er sá að í Kjötbænum er listin álíka fyrirferðarmikil og allt annað. Það er sjarminn við svæðið sem gerir það sérstakt.“